

## París 1,5

# Bara ein jörð

RITARI ÁGRIPS: Árni Finnsson og Hildur Knútsdóttir

ÞÁTTTAKENDUR Í PANEL: Katrín Jakobsdóttir (VG), Oddný Harðardóttir (Samfylking), Birgitta Jónsdóttir (Píratar), Óttar Proppé (Björt framtíð), Inga Sæland (Flokkur fólksins), Líneik Anna Sævarsdóttir (Framsókn), Gylfi Ólafsson (Viðreisn), Þorvaldur Þorvaldsson (Alþjóðafylkingin).  
Framsaga: Stefán Gíslason.

Hvaða sjónarhorn komu fram?

Fundurinn hófst á framsögu Stefán Gíslasonar sem sagði góðu fréttirnar að enn væri hægt að gera eitthvað í loftslagsmálum. Hann kynnti lista yfir 10 aðgerðir sem stjórnvöld geta farið í: 1) Fullgilda Parísarsáttmála. 2) Hætta olíuvinnslu á Drekasvæði. 3) Staðfesta viðauka 6 við Marpol-samninginn og banna bruna á mjög mengandi eldsneyti. 4) Banna urðun lífræns úrgangs. 5) Nota ekki bara gulrætur heldur líka vendi á borð við kolefnisgjald og hætta styrkjum sem auka notkun eldsneytis. 6) Búa til gulrót til að flýta endurheimt votlendis. 6) Stofna grænan tækniþróunarsjóð sem hluta af tækniþróunarsjóði og grænan fjárfestingarsjóð sem hluta af nýsköpunarsjóði. 7) Finna leiðir til að snarhækka hluta af vistvænum bílum hjá bílaleigum því stór hluti þeirra koma svo út á markaðinn. 8) Sýna gott fordæmi, t.d. með bílafloata ríkisstjórnar, sem talar fyrir orkuskiptum í samgöngum. 9) Það skiptir ekki máli hversu hátt hlutfall orkunnar er græn, við berum okkar ábyrgð í heildarpakkanum. 10) Skoða þarf aðgerðaáætlun um orkuskipti margir smáir hlutir telja.

Fulltrúar allra flokka í pallborði gáfu loftslagsmálum 9,5–10 í einkunn, aðspurðir um mikilvægi málaflokksins á skalanum 1–10.

**Framsókn:** Loftslagsmál eru ekki á núverandi stefnuskrá flokksins en verða sterk á næstu. Hafa ekki stefnu um olíuvinnslu á Drekasvæðinu.

**Samfylking:** Loftslagsmál eru framarlega á stefnuskrá. eru á móti olíuvinnslu á Drekasvæði.

**Píratar:** Er ekki á stefnuskrá en það á að fara að gera 10 ára stefnu, brýnt að það verði samofið allri stefnu. Hafa ekki stefnu um olíuvinnslu á Drekasvæðinu, en B er persónulega á móti.

**Flokkur fólksins:** Vill sýna gott fordæmi og sekta mengandi fyrirtæki. Hafa ekki stefnu um olíuvinnslu á Drekasvæðinu, en er persónulega á móti.

**Alþjóðafylkingin:** Mikilvægasta mál samfélagsins, vilja losa samfélagð úr viðjum hagvaxtarkröfu kapitalisma. Á móti olíuvinnslu á Drekasvæði.

**Viðreisn:** Í stefnu að 2030 þurfi 95% af orku að vera endurnýjanleg. Er ekki feimin við kolefnisgjald. Hafa ekki stefnu um olíuvinnslu á Drekasvæðinu, en G er persónulega á móti.

**VG:** Barátta gegn loftslagsbreytingur eitt af þremur markmiðum. Vilja kolefnishlutfall Íslands í síðasta lagi 2050. Er á móti olíuvinnslu á Drekasvæði.

**Björt framtíð:** Eitt af 4-5 lykilmálum. Þarf að horfa til framtíðar. Gera allt sem Stefán taldi upp. Er á móti olíuvinnslu á Drekasvæði.

**Alþjóðafylkingin:**

Hvaða vandamál voru rædd? Endurheimt votlendis. Allir voru hlynntir henni.

Hvaða lausnir komu fram? Bent var á ýmis tækifæri til sem felast í því að takast á við loftslagsvandann, draga úr neyslu, jafna kjör heimshluta. Tækifæri til að verða sjálfbær. Þurfum að eiga samræðu um hvernig við bregðumst við. Tækifæri til orkusparnaðar.

Hvaða næstu skref voru rædd? Að hætta að skrifa bara skýrslur og drífa í því að gera eitthvað í hlu

Tilvitnanir og dæmi um samræður

Spurning úr sal: „Það vantar fulltrúa tveggja flokka hér, felst í því yfirlýsing?„

Fundarstjóri: „Það vantar frá Þjóðfylkingunni, þau komust ekki. Sjálfstæðisflokkurinn svaraði aldrei boðum um komu, hvorki Bjarni Ben né aðstoðarmenn.“